Messur



Guðsþjónustur

Árbæjarprestakall: Guðsþjónusta kl. 11 árdegis. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson messar. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Ásprestakall: Guðsþjónusta kl. 11. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Altarisganga. Jóna Hrönn Bolladóttir guðfræðinemi prédikar. Organisti Daníel Jónasson. Ath. Síðasta guðsþjónusta fyrir sumarleyfi. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Pálmi Matthíasson.

Dómkirkjan: Messa kl. 11. Dómkórinn syngur. Organleikari Kjartan Sigurjónsson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson.

Viðeyjarkirkja: Messa kl. 14. Sr. Cecil Haraldsson prédikar. Orgelleikari Kjartan Sigurjónsson. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. Bátsferð úr Sundahöfn kl. 13.30. Dómkirkjan.

Elliheimilið Grund: Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Árelíus Níelsson.

Fella- og Hólakirkja: Guðsþjónusta kl. 20.30. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Organisti Guðný M. Magnúsdóttir.

Fríkirkjan í Reykjavík: Safnaðarferð í Viðey kl. 10.00 frá afgreiðslu Viðeyjarferða í Sundahöfn. Guðsþjónusta í Viðeyjarkirkju kl. 14.00. Jakob Ágúst Hjálmarsson dómkirkjuprestur þjónar fyrir altari, orgelleikari Kjartan Sigurjónsson. Heimkoma upp úr kl. 20.00. Cecil Haraldsson.

Grafarvogssókn: Útimessa kl. 11 á kirkjulóðinni við Fjörgyn. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Sigríðar Jónsdóttur. Trompetleikur. Að lokinni guðsþjónustu verður boðið upp á grill. Sóknarnefnd, safnaðarfélag, sóknarprestur.

Grensáskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Organisti Árni Arinbjarnarson. Prestarnir.

Hallgrímskirkja: Messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

Háteigskirkja: Hámessa kl. 11. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Prestarnir.

Kópavogskirkja: Guðsþjónusta kl. 11. Ægir Fr. Sigurgeirsson.

Langholtskirkja, Kirkja Guðbrands biskups: Guðsþjónusta kl. 11. Óperusöngkonan Sólrún Bragadóttir flytur stólvers. Prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Kór Langholtskirkju syngur. Organisti Jón Stefánsson. Molakaffi að lokinni athöfn. Sóknarnefnd.

Laugarneskirkja: Messa kl. 11. Altarisganga. Organisti Ronald V. Turner. Heitt á könnunni eftir messu. Sóknarprestur.

Neskirkja: Messa kl. 11. Sr. Frank M. Halldórsson. Organisti Reynir Jónasson. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson.

Seljakirkja: Kvöldguðsþjónusta er í kirkjunni kl. 20. Katrín Sigurðardóttir syngur einsöng. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Kaffisopi eftir guðsþjónustu. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Guðsþjónusta kl. 11 í umsjá Þorvaldar Halldórssonar. Organisti Gyða Halldórsdóttir. Sóknarnefndin.

Safnkirkjan Árbæ: Messað verður flesta sunnudaga í sumar kl. 14. Sunnudagur 15. júlí. Messa kl. 14. og kl. 15. Prestur sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Keflavíkurkirkja: Messa kl. 11. Fermdur verður Emil Svavar Griffin frá Virginíu í Bandaríkjunum, p.t. Hringbraut 74, Keflavík. Kóngsbörn (Kings Kids), kór ungmenna frá ýmsum löndum, syngja við athöfnina ásamt kór Keflavíkurkirkju. Organisti Örn Falkner. Tónleikar Kóngsbarnanna verða síðan í kirkjunni kl. 16. Allir velkomnir.

Sýningar

Nína Gautadóttir á Kjarvalsstöðum

Nína Gautadóttir opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 14. júlí kl. 14. Verkin á sýningunni eru öll unnin á síðustu tveim árum og uppspretta þeirra er áhugi Nínu fyrir skrift og táknriti. Hún notar rúnaletur, fornegypsku og fjölkynngitákn í myndir sínar. Nína er fædd í Reykjavík 1946. Hún lauk hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1969. Árið 1970 fór hún til Frakklands þar sem hún stundaði nám í Listaháskóla Parísarborgar og lauk þaðan borttfararprófi í málaralist 1976. Hún stundaði einnig framhaldsnám í höggmyndun við sama skóla. Nína dvaldi í nokkur ár í Níger og Kamerún í Afríku og vann um tíma í þrívídd (vefnaði) og með leður. Nína býr nú og starfar í París.



Tilkynningar

Verðlaun í ritgerðasamkeppni

Norræna félagið efndi í vetur til ritgerðasamkeppni í framhaldsskólum um efnið „Hvað eiga Íslendingar sameiginlegt með öðrum Norðurlandaþjóðum". Til ritgerðasamkeppninnar var efnt í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Sérstök dómnefnd skipuð fulltrúum Norræna félagsins og fulltrúum menntamálaráðuneytisins mat ritgerðirnar til verðlauna. Formaður dómnefndarinnar er Gylfi Þ. Gíslason, formaður Norræna félagsins. Dómnefnd hefur nú lokið störfum. Nefndin veitti verðlaun fyrir fjórar af þeim ritgerðum sem bárust. Verðlaunin eru flugferð með Flugleiðum hf. til þeirra höfuðborga Norðurlanda, sem Flugleiðir fljúga til, og vinnigshafi velur sjálfur borgina. Auk þess fær hver vinningshafi 50 þús. kr. í farareyri. Vinningshafarnir fjórir eru: Helgi Þorsteinsson, Freyjugötu 34, Reykjavík, nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Sigurbjörg Þrastardóttir, Esjubraut 5, Akranesi, nemandi í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Sindri Freysson, Ystaseli 33, Reykjavík, nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík. Gunnhildur Guðnadóttir, Grenimel 29, Reykjavík, nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík. Vinningshöfum hefur verið tilkynnt um verðlaunaveitinguna.

Grafarvogssókn

Útimessa á kirkjulóðinni við Fjörgyn. Næstkomandi sunnudag, 15. júlí, kl. 11, verður haldin guðsþjónusta á kirkjulóð Grafarvogssóknar en þann 21. febrúar sl. úthlutaði borgarstjórn söfnuðinum áðurnefndri lóð fyrir kirkjubyggingu. Nú þegar ár er liðið síðan söfnuðurinn var stofnaður hafa nokkrir arkitektar verið valdir til að taka þátt í lokaðri samkeppni um kirkjubyggingu Grafarvogssóknar. Ef vel tekst til er ætlunin að taka fyrstu skóflustunguna að nýrri kirkju á hausti komanda. Á sunnudaginn kl. 11 verður því fyrsta guðsþjónustan á kirkjulóðinni. Kirkjukórinn mun syngja undir stjórn Sigríðar Jónsdóttur organista og trompetleikur kemur í stað orgelleiks. Að lokinni guðsþjónustu munu safnaðarfélagið, sem var stofnað á ársafmæli safnaðarins, sóknarnefndin o.fl. bjóða viðstöddum upp á grillaðar pylsur og kók. Skátar í sókninni munu setja upp altari og ef veður leyfir verður skírt í guðsþjónustunni. Það er von þeirra sem að messunni standa að fjölskyldan mæti öll til guðsþjónustu og taki þannig þátt í að byggja upp safnaðarstarf í yngstu sókn þessa lands. Undirbúningsnefnd vill taka það fram að guðsþjónustan mun fara fram jafnvel þótt veður verði ekki eins og best væri kosið.

Kóngsbörn koma til Íslands

Kóngsbörn (Kings Kids), kór ungmenna frá ýmsum löndum sem boða fagnaðarerindið með söng og leikrænni tjáningu, dvelja hér á landi 14.–24. júlí. Kórinn syngur við fermingarmessu í Keflavíkurkirkju 15. júlí kl. 11 og heldur tónleika í kirkjunni kl. 16 sama dag. Kóngsbörn syngja einnig í Grindavíkurkirkju þriðjudaginn 17. júlí kl. 20.30 og víðar um landið. Kórinn kemur hingað eftir að hafa sungið á menningarhátíðinni í Glasgow í Skotlandi. Hópurinn er á vegum Ungs fólks með hlutverk, sem er leikmannahreyfing innan þjóðkirkjunnar, auk þess sem Kjalarnesprófastsdæmi og Keflavíkurkirkja greiða götu þeirra. Bjóðum þessa kærkomnu „sólargeisla" frá útlöndum velkomna með því að hlýða á söng þeirra.

Skálholt:

Sumartónleikar



Hamrahlíðarkórinn kemur fram í Skálholti um helgina.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju hefjast á laugardag og munu standa yfir fimm helgar í júlí og ágúst líkt og undanfarin ár. Í tilefni 15 ára afmælis verður sérstaklega mikið lagt í tónleikaskrána og aðgangur verður ókeypis eins og venjulega.

Fyrstu helgina verður flutt sérstök hátíðardagskrá tileinkuð Þorlákstíðum en þær voru frumfluttar í Skálholti á miðöldum. Á laugardag verður sungið upphafsstef og latnesku andstefin úr aftansöng Þorlákstíða. Sama dag verður flutt tónverk byggt á stefjum úr Þorlákstíðum. Á sunnudag verða tónleikarnir endurteknir.

Flytjendur þessarar hátíðardagskrár verða Hamrahlíðarkórinn, félagar úr Ísleifsreglu og prestar. Ennfremur nokkrir söngvarar og hljóðfæraleikar.

Hótel Borg:

Tíma-ritið 2000

Í kvöld heldur tímaritið 2000 formlega upp á útgáfu fyrsta tölublaðsins á skemmtistaðnum Hótel Borg. Tímaritið hefur verið í vinnslu undanfarna tvo mánuði og er stærsta tímarit sem gefið er út á íslensku bæði í broti og að blaðsíðutali. Tímaritið er 132 blaðsíður, prentað í stærðinni 42x29.

Úr efni fyrsta tölublaðsins má nefna greinar um arkitektúr, hönnun og myndlist, auk tískuþáttar.

Á Hótel Borg verður boðið upp á ljóðalestur þar sem m.a. Nína Björk Árnadóttir og Kristján Þórður Hrafnsson lesa úr verkum sínum. Kynntur verður Nornadans og hljómsveitin Júpíter mun hefja leik skömmu eftir miðnætti.



Á laugardag hefst hin árlega sumarsýning á verkum Jóhannesar Kjarvals. Sýningin á Kjarvalsstöðum ber yfirskriftina Land og fólk.



Atriði úr sýningu Ferðaleikhússins á Lig

Ligh

Ferðaleikhúsið gefur erlendum ferðamönnum á Íslandi enn á ný tækifæri til að skyggnast inn í menningarheim okkar með leiksýningunni Light Nights. Þetta er jafnframt tuttugasta og fyrsta sumarið sem Light Nights er á fjölunum. Eins og

Plúsm

Í dag verða keppendur í Plúsmarkaðs-rallinu ræstir til keppni frá Álfaskeiði í Hafnarfirði. Keppnin gefur stig til Íslandsmeistaratitils.

Að ræsingu lokinni mun leiðin liggja að fyrstu sérleið er hefst við Rauðavatn. Önnur sérleiðin er í Mos-